

Rótarýklúbburinn Görðum – Fundargerð 28.fundar 1.mars 2020

Í tilefni Rótarýdagsins var að þessu sinni haldinn sameiginlegur fundur með Rótarýklúbbum Hofi. Fundurinn var haldinn í Golfskála GKG og var hann opinn öllum bæjarbúum. Á fundinum voru til umræðu umhverfismál og söfnunarárátta og flokkunarkvíði.

Klara Lís Hervaldsdóttir formaður Æskulýðsnefndar Garðaklúbbsins lýsti æskulýðsstarfi klúbbsins en á hverju ári fara 3-4 unglingar til sumardvalar erlendis og jafn margir koma hingað. Klúbburinn styrkir einnig skiptinema til ársdvalar erlendis. Einn þeirra, **Jóhanna María Bjarnadóttir** lýsti 10 mánaða dvöl sinni í Argentínu og lét afar vel af. Hún taldi styrk frá Róтары gera mun fleirum kleyft að gerast skiptinemar. Sjálf hafði hún skipulagt nám sitt á þann hátt að hún tafðist ekki í námi hér.

Þyrí Emma Þorsteinsdóttir fjallaði um söfnunaráráttuna en hún er talin ein tegund geðröskunar og felur í sér áráttukennda hegðun og er nátengd áráttu- og þráhyggjuröskun (ÁÐR). Langt leiddir safnara geta ekki losað sig við einskis nýta og hreinlega ónýta hluti. Talið er að 2-5% fólks sé haldið söfnunaráráttu og telur hegðun sína á engan hátt óeðlilega. Einhverjir telja að þessa áráttu megi rekja til skorts í æsku. Lausn á þessari áráttu gæti verið **Hugræn AthygisMeðferð (HAM)** sem leyst hefur vanda 24-43% safnara en árangurinn er mun lakara þegar röskunin er komin á alvarlegt stig.

Einar Guðmundsson geðlæknir fjallaði um sama efni, söfnunaráráttu. Hann lýsti söfnunaráráttu sem Áráttu-Þráhyggju-Röskun. En með áráttu er átt við eitthvað sem ég þarf alltaf að gera en þráhyggja er eitthvað sem ég get ekki hætt að **hugsa** um. Hæsta stig þessarar röskunar er einhverfan en vægari stig eru persónuleikablær og persónuleikaröskun. Söfnunaráráttan er ein tegund áráttu-þráhyggju-röskunar. En aðrar tegundir eru t.d. þrífnaðaráratátt, tékkunarárátta, talningarárátta og uppröðunarárátta. Áráttu-þráhyggju vandinn birtist í ýmsum myndum og liggur gjarnan í fjölskyldum. Stundum birtist hann í eldfælni og aðsóknarhugmyndum (Paranoja), sýkla- og mengunarhræðslu. Allt er farið að snúast um peninga og fjármál, mataræði og hollustu o.fl. Greina má ákveðin persónuleikaeinkenni hjá þeim sem haldnir eru áráttunni. Mikil þörf er fyrir kontról, hræðsla við breytingar, sífni, svart-hvítt í hugsunarhætti sbr. öfgatrúmenn og öfgatrúleysingja. Athyglisvert er að þessi einkenni birtast oftast ekki í jafn ríku mæli í starfi og í einkalífi. Menn vinna oft vel, eru samviskusamir og oft haldnir fullkomnunaráráttu. Undirrot áráttunnar er kvíði. Hvað gerist ef eitthvað fer úrskaiðis eða verður ekki eins og vera átti? Áráttan birtist oft í erfiðleikum að láta eitthvað frá sér, í nísku eða ákvarðanafælni og að safna einhverju ákveðnu eins og frímerkjum og bókum, sem getur hæglega farið út í öfgar. Vægasta tegund söfnunaráráttu er að geta gefið hluti en ekki hent þeim en sjúklegasta tegundin er að fara ekki út með ruslið og fylla heimilið af ruslapokum.

Sævar Helgi Bragason stjórnufræðingur flutti erindi sem hann nefndi „Loftslag, umhverfi og lífsgæði“. Í umhverfismálum er ekkert „Planet B“. Nálægar plánetur eru óbyggilegar. Ekkert annað er því í boði en að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Um fjórðungur losunarinnar kemur frá landbúnaði og landnotkun, annar fjórðungur frá raforku og hita og fimmtungur frá iðnaði. Hlutur samgangna er um 14%. Lífsstílsbreytingar eru nauðsynlegar en duga ekki til. Það þarf að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um helming hvern áratug til 2050. Stefnt er að því að koma í veg fyrir alla losun frá landbúnaði og skógareyðingu fyrir árið 2050 en á sama tíma þarf að fæða 10 milljarða manna. Finna þarf upp tækni sem ryksugar milljarða tonna af CO₂ úr andrúmslofti á ári.

Kolefnisfótspor Íslendinga eru rúm 14 tonn á mann á ári. Losun frá bensín eða díselbíl er 2-4 tonn á ári. Vistvænni bíll, þ.e. raf- metan- eða vetnisknúinn bíll gæti minnkað kolefnisfótspor hvers og eins um 2-4 tonn. Rekstur bíls er einnig spurning um kostnað og hvernig við viljum ráðstafa tekjum okkar. Samkvæmt FÍB er rekstrarkostnaður fólksbíls 1,2 m.kr. á ári. Við getum sparað mikið með því að nota bílinn minna og þess í stað hreyft okkur meira. Þannig sláum við tvær flugur í einu höggi, hreyfingin er heilsusamleg og kolefnisfótspor okkar minnkar. Annað skiptir einnig miklu máli varðandi kolefnisfótsporið og það er matarsóunin en talið er að við hendum þriðjungi þess matar sem við kaupum. Sævar birt 10 húsráð gegn matarsóun. Meðal þess var að skipuleggja matarinnkaupin, taka ekki of mikið mark á dagsetningunni „best fyrir“ nota heldur nefið, stilla ísskápinn rétt og elda rétt magn. Því er stundum haldið fram að fólksfjölgunin sé aðal vandamálið í umhverfismálum en þá má benda á misskiptingu auðsins í heiminum. Ríkustu 10% mannkyns bera ábyrgð á helmingi allrar losunar og fátækustu 3,5 milljarðar fólks bera ábyrgð á 10% losunar. Niðurstaðan er: Förum vel með, forðumst sóun, verum fyrirmyndir, tölum um loftslagsmál, fögnum jákvæðum skrefum og horfum björtum augum á framtíðina.

Í lok fundar færðu forsetar klúbbanna Garðabæ að gjöf eina trjáplöntu fyrir hvern félag í klúbunum. Smári Guðmundsson, garðyrkjustjóri Garðabæjar veitti gjöfinni móttöku.

Á fundinn mættu 21 félagi, þar af voru 3 án mætingarskyldu. Aukamætingar voru engar og skráðar mætingar því 21. Þar sem þetta var opinn fundur mættu margir makar klúbbfélaga auk nokkurra annarra gesta.